



The K-Factor

Málarinn Jóhannes S. Kjarval
The Painter Jóhannes S. Kjarval

K-pátturinn

Kjarvalsstaðir
10. febrúar – 2. september 2007



Jóhannes S. Kjarval – Ljósmynd / Photograph: Kristján Magnússon, 1963

K-þátturinn

Í tæplega áttatíu ára gamalli frétt Morgunblaðsins um opnun sýningar á nýjum verkum eftir Kjarval mátti lesa eftirfarandi frásögn:

„Jóhannes Sveinsson Kjarval er nýkominn heim frá París. Hitti hann í gær ritstjóra þessa blaðs á götu og stakk að honum efnisskrá yfir málverkasýningu er hann hefur opnað á Laugavegi 11. Vegna þess að efnisskrá þessi er nokkuð sjerstæð, er hún prentuð hjer í heild sinni, ef vera kynni að hún gæfi lesendum nokkra hugmynd um sýningu þessa. Annars er ætlandi, að þeir sem á annað borð lesa efnisskrána vilji ekki setja sig úr færi að sjá myndirnar. Þess skal getið, að þó töluöldirnir sjeu ekki í venjulegri röð, er það ekki vegna þess að brengr hafi orðið í blaðinu, í efnisskránni sjálfri er á þenna hátt vikið frá venjunni. Og við nr. 18, er ekkert í efnisskránni, hvort sem sú mynd er á sýningunni eða eigi, og hafi láðst að gefa henni nafn: 2. Fjarlægja Ísland. 1. Í Hugans borg. 3. Telpa. 5. Fontineblauland. 4. Austfirskar borgir. 6. Furutrje. 7. Paradísarlundur. 8. Þórsmörk mikla. 9. Frá Þórsmörk. 10. Furuskógur. 11. Sálarástand málarans. 30. Skógarbrún frá Frakklandi. 15. Vorlitir í Frakklandi. 16. Sólskinsskógar. 12. Bros Leonardo. 13. Skógarmynd frá Frakklandi. 14. Parna að sunnan. 17. Tvö landslög. 18. 19. Ófullgerð mynd. 20. Copie de L. Art. 21. París. 22. G.H.P. VI-Vandt. 23. Skýhaddur. 24. Ljósærð melankoli. 25. (Hallelúja). 26. Opelinýja. 27. Gloriusar kindur. 27 ½ Friðarengill bliður. 28. Blek.“

Þessi fregn hefur að mörgu leyti verið leiðarvísir sýningarinnar K-þátturinn: Málarinn Jóhannes S. Kjarval, vegna þess hve vel hún lýsir skilningsleysi okkar og furðu frammi fyrir vinnuaðferðum Kjarvals. Sýningunni er ekki ætlað að varpa ljósi á aðferðir hans, vera yfirlit yfir ferilinn eða greina og útskýra merkingu í verkum hans. Hún vaknar í samræðu tveggja málara og sem slík væntir hún þess að losa málverkin úr römmum þeirrar hugsunar er læst hafa merkingu þeirra innan ákveðinna og fyrirfram gefinna hugmynda. Sýningin er tilraun þar sem áhorfendur eru hvattir til að taka þátt í samræðu við málarann og líta á sýningarrými Kjarvalsstaða sem áhættusvæði óheftrar hugsunar, fremur en geymslustað ósnertanlegra meistaraverka.

Sýningin færast undan þeim möguleika að gefa heildstæða og tæmandi mynd af Kjarval, í þeirri von að umturnun og endurröðun verka hans opni fyrir nýjan og gefandi skilning á mikilvægi þeirra. Virkni verkanna er þannig tekin til endurskoðunar án listfræðilegra útlistinga, staðreynda um lífshlaup hans, lýsinga á líkamsburðum eða sögum af sérstæðu landarfari hans.

Markmið sýningarinnar er að hleypa áhorfendum beint að verkunum, í fímabundnu hléi frá goðsögninni um meistaran og leyfa þeim að heyra rödd málarans Jóhannesar S. Kjarval millilliðalaust í eyrum sínum.

Einar Garibaldi Eiríksson
Myndlistarmaður og sýningarstjóri



Jóhannes S. Kjarval – Ljósmynd / Photograph: Kristján Magnússon, 1963

The K - Factor

An almost 80 year-old story in the Morgunbladid newspaper on the opening of an exhibition of new works by Kjarval goes as follows:

"Jóhannes Sveinsson Kjarval has just returned from Paris. Yesterday he met the editor of this paper in the street and handed him a repertory of his exhibition of paintings that he has opened on Laugavegur 11. Because this repertory is quite out of the ordinary it is printed here below in full, to perhaps give readers some idea about this exhibition. It is to be expected that those who read the repertory will not want to miss seeing the paintings. It should be mentioned that even though the numbers are not in the usual order, it is not because there has been a mistake in our paper, the repertory itself breaks from convention in this way. And no. 18 is blank, whether that painting is in the exhibition or not, perhaps the artist forgot to name it:

2. Distant Iceland.
1. In the City of the Mind.
3. Lass.
5. Fontineblauland.
4. Cities of the Eastern Fjords.
6. Pine Tree.
7. Paradise Grove.
8. Great Thorsmork.
9. From Thorsmork.
10. Pine Forrest.
11. The Painter's Psyche.
30. A Forrest's Edge from France.
15. Colours of Spring in France.
16. Sunny Woods.
12. Leonardo's Smile.
13. Forrest Scene from France.
14. There from the South.
17. Two Landscapes
- 18.
19. Uncompleted Image.
20. Copie de L. Art.
21. Paris.
22. G.H.P Vi-Vandt.
23. A Cloud of Hair.
24. A Blonde Melancholy.
25. (Hallelujah).
26. Opelinew.
27. Glorious Sheep.
- 27 ½. Gentle Angel of Peace.
28. Ink."

This story has in many ways outlined today's exhibition, The K-Factor: The Painter Jóhannes S. Kjarval, because it shows so well our incomprehension and astonishment over Kjarval's methods. The exhibition does not mean to shed light on his methods, to be an overview of his career, or to analyse and explain the meaning of his works. It comes to life in the conversation of two painters and as such it supposes to free the paintings from the frame of mind that pretends to have their meaning within certain and preordained ideas. This exhibition is an experiment where the guests are encouraged to partake in a conversation with the painter and to look at the exhibition space in Kjarvalsstadir as a hazard zone of unbridled thought, rather than a storage space of untouchable masterpieces.

The exhibition avoids the possibility of giving an integral and exhaustive picture of Kjarval, in the hope that the deconstruction and rearrangement of his works will open up a new and rewarding understanding of their significance. In this way the function of the works is reevaluated without Art historical explanations, facts about the artist's life, descriptions of his physique or stories of his eccentricities.

The exhibition aims to grant the guests direct access to the works, create a temporary break from the myth of the master and to let them truly hear the voice of the painter Jóhannes S. Kjarval firsthand.

Einar Garibaldi Eiríksson
Artist and Curator



Jóhannes S. Kjarval – Ljósmynd/ Photograph: Kristján Magnússon, 1963

11. The Painter's Psyche

"Nobody is in as much need for language – in the dirt farmer's pleading for understanding of his works – as the painter, when he silently opens up the galleries of his works for anyone who will enter, to scoff the natural incomprehension inherent in the uncultivated tastes of the people for that genre for human right."

2. Distant Iceland

"It was so still that all the time I heard the ticking of a bird that stayed up with me through the night while I painted the picture. I started to listen to this bird, which was of some sort of swamp woodpecker, and I realised that it was mimicking the ticking of my watch. I listened to the bird's symphony and the anchor workings of the watch while I painted, and it had a great impact upon the picture. It should in fact be called: The Bird's Waking Night."

20. Copie de l'Art

"This insistent need, to see – and have others see with you, that which has not entered anyone's mind before, because there are hidden moments in nature for all senses, until nature itself has created a tool to see itself when the time comes."

7. Paradise Grove

"You find a little grove in the lava-field to sit in, a little cup of stone, the little birch shines, a tiny bird sings and the colours sunbathe on the rocks. There is so much chamber music out in the lava-field. The lava images have a vibrant expression – and personal too. You can become quite scared, get the feeling that someone has been standing there for some time watching you. This is how the feelings and sensations have attuned themselves subconsciously."

1. The City of the Mind

"Seeing is believing – and it always becomes more significant than the artist ever imagined. If there is something right or wrong in creating pictures then I would be none the wiser in certain circumstances whether I should draw what I see with my earthly eyes or something that came to my mind as soon as I saw."

17. Two Landscapes 18.

"For nine years I have only painted in this area, the Reykjavik area. You can say it is for artistic reasons, or, if you want to, for extremely inartistic reasons, that is how I see it myself, extremely inartistic. This is a sort of jeopardy. But I cannot stop, something new is constantly revealed, I can't say: Now Kjarval is done with this; I can't be done with it."

12. Leonardo's Smile

"I have collected faces and features that I have picked out from those that I have met and gotten to know little by little [...] I work confidently towards a certain something but heavens know if it will be a satisfactory creation."

27. Glorious Sheep

"I wanted to know what was and is and therefore I submerged myself in all trends and teachings and built over my ideas and found new trends. I learned to think independently in my art world, if I was amateurish at times it was only my nationality."

14. There from the South

"The myth of world fame is the childish notion of a people that is starting to sow in a poorly cultivated field. It is more important that the warmth of summer will give a good harvest; then the nation will become strong like the land and nurse beautiful flowers that many will want to see and admire."

27 1/2. Gentle Angel of Peace

"These are the faces of the earth. The human eye catches them in the pictures when they are there, even though the painter does not see them in the motif before he paints [...] Is it any wonder that people speak of an inner sight, if it has proven to exist, or a presence that you sense as a part of the land itself, which takes on the visage of the emotional effects of human creation?"

5. Fontainebleauland

"Imagine a crater with lava flowing out of it into all directions. It is first and foremost a radio station. The lava currents solidify and receive impressions from all over for thousands of years. And then they relay. I have heard all kinds of sounds out in the lava fields. All of nature is one instrument, all of it music. You are so susceptible to music out in the lava fields."

19. Uncompleted Image

"It is certainly questionable whether it is ever fun to paint. You resort to it to have something to do and then one fine day it amounts to five or a thousand paintings. Everything demands great responsibility. And paintings are so precious that it becomes a great responsibility to paint. But still you paint because you are a painter after all, but maybe you could just as well have become something else, but I just can't be anything else and I don't care for being anything else, at least not at this point in time."

Quotations

2. Matthías Johannessen, Kjarvalsverk, Helgafell, 1968. / 19. Vilhjálmur Th. Gíslason, RÚV, radio interview with Kjarval, October, 1935. / 1. Althýdubladid newspaper, 11. February, 1945. / 5. Thjóðviljinn newspaper, 15. October 1954. / 7. Berlinske Aftensvis, 19. July, 1939. / 11. Kjarval's sketchbook nr. 8. Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir. / 12. Letter to Matthías Thordarson, 24. May, 1920. National Museum of Iceland, Matthías Thórdarson's collection of letters. / 14. Morgunbladid newspaper, 23. April 1922. / 17. 18. Berlinske Aftensvis, 19. July, 1939. / 20. Visir newspaper, 18. April, 1941. / 27. Morgunbladid newspaper, 23. April, 1922. / 27 1/2. Líf og list, 1. year. 8. issue, 1950. (All quotes from Kjarval 1885-1972, by Kristín G. Guðnadóttir, Nesútgáfan, 2005).



Sunnudag 18. febrúar kl. 15

Sýningarstjóraspjall

Einar Garibaldi Eiríksson tekur þátt í leiðsögn um sýninguna.

Námskeið um líf og list Kjarvals

Fimmtudagana 29. mars, 12. og 26. apríl og 3. maí kl. 20 - 21.30

Fyrirlesarar eru Kristín Guðnadóttir, Eiríkur Þorláksson, Sílja Adalsteinsdóttir og Einar Garibaldi Eiríksson.

Laugardag 5. maí lýkur námskeiðinu með ferð

á Þingvelli með þátttöku fyrirlesaranna.

Umsjón með námskeiðinu hefur Ólöf K. Sigurðardóttir deildarstjóri fræðsludeildar.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 590 1200.

Sunday 18 February, 15.00

Curator's Talk

Einar Garibaldi Eiríksson joins a guided tour of the exhibition.

A Workshop on the Life and Art of Jóhannes S. Kjarval

Four Thursdays: 29 March, 12 April, 26 April, and 3 May 2007, 20.00 - 21.30

Lecturers: Kristín Guðnadóttir, Eiríkur Þorláksson, Sílja Adalsteinsdóttir, and Einar Garibaldi Eiríksson.

On Saturday 5 May workshop participants and

lecturers will visit Thingvellir.

Arranged by Ólöf K. Sigurðardóttir, Director of Education. For further information and registration please call +354 590 1200.

Opið Opening hours

Hafnarhús Tryggvagata 17, daglega daily 10–17

Kjarvalsstaðir Flókagata, daglega daily 10–17

Ásmundarsafn Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum, Sigtún

1.5–30.9, daglega daily 10–16

1.10–30.4, daglega daily 13–16

Ókeypis aðgöngur alla fimmtudaga

Free entrance every Thursday

Aðgöngumiðinn gildir í þrjú daga í öll húsín

The admission ticket is valid for three days in all three museums (Hafnarhús, Kjarvalsstaðir, Ásmundarsafn)

Alla sunnudaga kl. 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstöðum og í Hafnarhúsi.

Guided Tours in English Thursdays at 3 pm. at Kjarvalsstaðir

Á Kjarvalsstöðum er dagskrá fyrir börn í Norðursal alla sunnudaga kl. 14.

Í boði er táknaðstúlkun við sunnudagsleiðsögn; panta þarf tólkun með minnst viku fyrirvara.


Hægt er að panta leiðsögn fyrir hópa 10–50 gesta.

Hægt er að fá leiðsögn á erlendum tungumálum.

Upplýsingar fraedsludeild@reykjavik.is



Borgunarlíabíð



urinn

Kjarvalsstaðir

10. febrúar – 2. september 2007

12 Bros Leonardo

„Ég hef safnað andlitum nokkrum og einkennum sem ég hef valið úr þeim sem ég hef mætt og kynnst smámsaman [...] Ég vinn með vissu að dálitlu ákveðnu og hamingjan má vita hvort það verður fullnægjandi smíð.“

27 Gloriusar kindur

„Ég vildi vita deili á því sem var og er og sökkti mér því niður í allar stefnur og byggði yfir hugmyndir mínar og fann nýjar stefnur. Ég lærði að hugsa sjálfstætt í listheimi mínum, væri ég viðvaningslegur á stundum var það bara þjóðerni mitt.“

11 Sálarástand málarans

„Engum er meiri þörf á máli – í bónferð einyrkjans um skilning verka sinna en málaranum – þegar hann þegjandi og hljóðalaust opnar sýningarsali verka sinna fyrir hverjum sem hafa vill til þess að skopast að hinu eðlilega skilningsleysi í óræktuðum smekk fólksins fyrir þeirri grein til mannréttar.“

14 Þarna að sunnan

„Sögnin um heimsfrægðina eru bernskubrek hjá þjóð sem er að byrja að sá í illa yrktan akur. – Meiru varðar að hlýindi sumars gefi góða uppskeru, þá mun þjóðin verða sterk eins og landið og fóstura falleg blóm sem margir vildu dást að og skoða“.

2 Fjarlægja Ísland

„Það var svo mikil kyrrð að ég heyrði allan tímann tikkið í fugli, sem vakti með mér um nóttina, meðan ég málaði myndina. Ég fór að hlusta á þennan fugl, sem var af einhverri mýrarspýtutegund, og fann út, að hann var að líkja eftir tikkinu í úrinu mínu. Ég hlustaði á sífóníu fuglsins og ankerisgang úrsins meðan ég málaði, og það hafði mikil áhrif á myndina. Eiginlega ætti hún að heita: Vökunótt fuglsins.“

27 1/2 Friðarengill blíður

„Þetta eru andlit jarðarinnar. Mannsaugað sér þau í myndunum þegar þau eru þar, þó málarinn sjái þau ekki í mótfínu áður en hann málar myndirnar [...] Er furða þótt talað sé um innri sjón, ef sannast hefur að hún er til, eða samvist (návist) sem maður finnur sem hluta af landinu sjálfu, sem kannski tekur á sig svip geðhrifa mannlegs skapnaðar?“

„Þessi aðkallandi þörf, að sjá – og láta aðra sjá með sér það sem ekki í nokkurs huga hefur komið, fyrr né síðar, vegna þess að það eru falin augnablik í náttúrunni fyrir allra skynjun unz náttúran sjálf hefur búið sér út tæki til þess að láta sjá sig þegar hennar tími er kominn.“

„Hugsið ykkur hraungíg sem straumurinn rennur frá í margar áttir. Hann er fyrst og fremst útvarpsstöð. Hraunstraumarnir storkna, og taka á móti áhrifum allstaðar að í þúsundir ára. Svo endurvarpa þeir. Ég hef heyrt margskonar hljóð úti í hrauni. Öll náttúran er eitt spilverk, alltsaman músík. Maður er svo móttækilegur fyrir músík út í hrauni.“

„Maður finnur litla laut í hrauninu til að sitja í, lítinn klettabolla, birkiangi lýsir, það syngur lítill fugl og litirnir sóla sig á steinunum. Það er svo mikil kammertónlist úti í hrauninu. Hraunmyndirnar hafa líflega tjáningu og persónulega. Maður getur orðið hræddur, fengið á tilfinninguna að einhver hafi lengi staðið og horft á þig. Svona hafa tilfinningarnar og skynjanirnar ómeðvitað innstillt sig.“

„Það er stórt spursmál hvort það er nokkurn tíma skemmtilegt að mála. Maður grípur í þetta til þess að gera eitthvað og svo verða þetta fimm eða þúsund málverk einn góðan veðurdag. Það er stór ábyrgðarhluti að gera nokkuð. Og málverk eru svo mikils virði að það er ákaflega mikill ábyrgðarhluti að mála. En maður malar nú samt af því að maður er málari, en kannski hefði maður alveg eins átt að vera eitthvað annað, en ég get bara ekki verið neitt annað og ég kæri mig kannski ekki um að vera neitt annað, eða minnsta kostinn ekki í svipinn.“